

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 19 200,00 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 920,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 38 400,00.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 5 760 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 570,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 285,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 85 500,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/ eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til sam- keppniðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

- Eftirtalið fyrir kvikmynda- og myndabandavinnustofur og hljóðver:
- Úr 85.14.10 Hljóðnemar, enda séu þeir með innbyggðar XLR- og/eða BNC-tengingar.
og Heyrnartíðnimagnarar, enda sé þeir ≥ 150 W (virkt gildi, r.m.s.) á hverja
úr 85.14.20 rás, yfirtónbjögun (harmonic distortion) $< 0,015$ og S/N (signal to noise)
 ≥ 80 db.
Hátalarar, enda séu þeir „studio monitors“ ≥ 150 W.
Hlutar til þessara tækja.
- úr 85.15.60 Sjónvarpsmyndavélar fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda hafi vélarin 500 línu myndupplausn eða meira (horizontal resolution, lines at centre) og séu með innbyggðar BNC-tengingar.